



Kennsluáætlun

Heimilisfræði 2018-2019

8. - 10. bekkur VAL – Réttir þjóðanna

Kennari: Sigríður Ólöf Sigurðardóttir

Námsefni: ýmsar uppskriftarbækur, uppskriftir af netinu og reynsla kennara af heimilistörfum.

Réttir þjóðanna: við ætlum að kynna okkur fjölbreytta matarmenningu annarra þjóða. Við munum fara í rannsóknarvinnu til að læra og undirbúa okkur því meiningin er að elda síðan þessa rétti. Við spáum í krydd sem sjaldan eru notuð í okkar eldhúsum en gríðarlega mikið notuð í öðrum heimshlutum. Það sama á við um hráefni. Við veltum fyrir okkur spurningum eins og “getum við flokkað matarmenningu?” og “í hvaða flokk dettur þá íslensk matarmenning?”

Við munum kynna okkur indverskan mat, tyrkneskan og japanskan svo eitthvað sé nefnt. Nemendur hafa sjálfir áhrif á stefnuna sem valfagið tekur. Þau þurfa að taka virkan þátt og fá að velja viðfangsefni sem þeim finnst áhugavert.

Námsmat: símat allan veturinn. Mat lagt á frammistöðu, sjálfstæði, frumkvæði, vandvirkni, samvinnu og framkomu.